



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@vsv.ssa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/147
komudagur 20.11.2001

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Seyðisfirði 19. nóvember 2001

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um tillögu til þings-ályktunar um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni (127. löggjafarþing 200-01, þskj. 5 – 5.mál).

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að gripið verði til markvissra byggðaaðgerða í landinu og efnt verði til átaks í þeim efnum eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Í því sambandi er afar mikilvægt að efla starf á sviði atvinnuþróunar enda traust atvinnulíf forsenda farsæls mannlífs og blómlegra byggða.

Stjórn Sambandsins telur jafnframt afar mikilvægt að þegar áhugi vaknar hjá fyrirtækjum að byggja upp arðbæran og áhrifamikinn atvinnurekstur, eins og nú hefur gerst á Austurlandi, þá verði stuðlað að því að slík verkefni verði að veruleika.

Stjórnin er því afar ósátt við hvernig umræddri þingsályktunartillögu er í reynd stillt upp gegn áformum um Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðarfirði.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur skýra afstöðu til fyrirhugaðrar virkjunar og stóriðju; Sambandið styður þá uppbyggingu og hefur unnið að undirbúningi þeirra verkefna m.a. í samstarfi við Þróunarstofu Austurlands árum saman

Samband sveitarfélaga á Austurlandi telur að tilkoma álvers á Austurlandi geti skapað forsendur fyrir fjölbættri atvinnustarfsemi bæði á sviði iðnaðar og þjónustu. Þá mun fólksfjölgun vegna orkufreks iðnaðar geta stuðlað að eflingu menntunar og menningar í landshlutanum.

Virðingarfyllst
Þorvaldur Jóhannsson
frankvæmdastjóri SSA